

Ú R S K U R Ð U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 25. mars 2013 í máli nr. E-1881/2012:

LBI hf.

(Jóhannes Sigurðsson hrl.

Sigurður Logi Jóhannesson hdl.))

gegn

TD Global Finance

Toronto Dominion Bank

(Einar Baldvin Axelsson hrl.

Svanhvít Axelsdóttir hdl.)

Mál þetta, sem þingfest var 29. maí 2012, var tekið til úrskurðar mánudaginn 4. mars 2013 að loknum munnlegum málflutningi um frávísunarkröfu aðalstefnda, TD Global Finance, Custom House Plaza, Dyflini, Írlandi, og varastefnda, Toronto Dominion Bank, 55 King Street West and Bay St., Toronto, Kanada. Stefnandi, LBI hf., áður Landsbanki Íslands hf., Austurstræti 16, Reykjavík, krefst þess að kröfu stefnda um frávísun verði hafnað. Allir aðilar krefjast málskostnaðar.

Yfirlit yfir efnishlið málsins

Í málinu hefur stefnandi uppi þær efniskröfur gegn aðalstefnda að staðfest verði með dómi riftun á greiðslu stefnanda, sem þá bar heitið Landsbanki Íslands hf., til aðalstefnda 8. september 2008 að fjárhæð 4.935.212,50 evrur vegna greiðslu á skuldabréfum að nafnverði 5.000.000 evrur sem voru með gjalddaga þann 10. mars 2009 og gefin voru út af Landsbanka Íslands hf. með auðkennin EMTN 43-T1 FIN og ISIN númer XS0187674816. Jafnframt krefst stefnandi þess að aðalstefndi, verði dæmdur til þess að greiða stefnanda 4.935.212,50 evrur með dráttarvöxtum, skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, frá 17. desember 2010 til greiðsludags. Við þær aðstæður að aðalstefndi verði sýknaður af kröfum stefnanda hefur stefnandi uppi uppi sömu kröfur gegn varastefnda, þó þannig að krafist er dráttarvaxta frá 16. september 2010. Í efnispætti málsins krefjast stefndu sýknu en til vara að stefnukröfur verði lækkaðar.

Því er lýst í stefnu að hinn 15. maí 2001 hafi Landsbanki Íslands hf. gefið út útboðslýsingu vegna fyrirhugaðrar útgáfu bankans á skuldabréfum samkvæmt

svokölluðum EMTN skuldabréfaramma (e. Euro Medium Term Note Programme, hér eftir nefndur EMTN skuldabréfaramminn). Á næstu árum og allt þar til að bankinn féll 7. október 2008 hafi verið gerðar árlegar uppfærslur á skuldabréfarammanum og við fall bankans hafi heimild hans til þess að gefa út skuldabréf undir rammanum verið orðin 11.000.000.000 evrur. Í mars árið 2004 hafi Landsbanki Íslands hf. gefið út skuldabréf með breytilegum vöxtum (e. Floating Rate Note (FRN)) að heildarnafnvirði 400.000.000 evra undir EMTN rammanum. Flokkurinn hafi fengið raðnúmerið 43-T1 FIN og skilmálar skuldabréfanna komi fram í lýsingu 9. mars 2004. Skuldabréfin hafi fengið auðkennið EMTN 43-T1 FIN og ISIN númerið XS0187674816. Útgáfan skyldi skráð í Lúxemborg undir EMTN skuldabréfarammanum. Skuldabréfin hafi verið með breytilegum vöxtum tengdum þriggja mánaða EURIBOR og vaxtálagi 0,25%. Vaxtagjalddagar hafi verið fjórir á ári. Gjaldalagi höfuðstóls bréfanna (e. Redemption date) hafi verið ákveðinn 10. mars 2009. Engin uppgreiðsluheimild hafi verið fyrir þann dag. Skuldabréf þessi hafi ekki verið skráð á skipulegum verðbréfamarkaði.

Í stefnu segir að 8. september 2008 hafi stefnandi greitt upp kröfu við aðalstefnda samkvæmt framangreindum skuldabréfum með greiðslu að fjárhæð 4.935.212,50 evrur þótt ekki hafi verið komið að gjalddaga þeirra. Á kvittunum fyrir greiðslunum sé viðskiptadagur tilgreindur sem 3. september 2008 en viðskiptin hafi verið gerð upp í gegnum EUROCLEAR með þriggja daga töf og greiðsla farið fram 8. september 2008. Nafnverð bréfa sem stefndi hafi fengið þar greidd upp hafi verið 5.000.000 evrur. Á staðfestingu úr kerfum stefnanda komi fram að varastefndi hafi verið mótaðili bankans, en fyrir liggja að aðalstefndi sé dótturfélag í eigu varastefnda. Í stefnu er einnig lýst þróun fjármálamarkaða og stöðu Landsbanka Íslands hf. fram á haustið 2008 sem lyktaði með því að Fjármálaeftirlitið tók yfir starfsemi bankans 7. október 2008 með vísan til 100. gr. a laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Þá er í stefnu gerð grein fyrir því þegar Landsbanki Íslands hf. var tekinn til slita samkvæmt ákvæðum laga nr. 161/2002 og aðgerðum slitastjórnar við riftun þeirra greiðslna sem áður er lýst.

Stefnandi byggir málatilbúnað sinn í meginatriðum á því að Landsbanki Íslands hf. hafi með framangreindri greiðslu greitt skuld við aðalstefnda eða varastefnda fyrir en eðlilegt hafi verið á sama tíma og bankinn hafi verið ógjaldfær. Ekki hafi verið komið að gjalddaga skuldar og uppgreiðsluheimild hafi ekki verið fyrir hendi. Við greiðsluna hafi réttindi og skyldur samkvæmt skuldabréfunum farið á eina hendi og skuldabréfakröfurnar fallið niður. Því séu greiðslurnar riftanlegar á grundvelli 134. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Greiðsla skuldar, fyrir en nauðsynlegt hafi verið að greiða og með takmörkuðu lausafé bankans, hafi ekki getað verið venjuleg eftir atvikum eða eðlileg ráðstöfun, með hliðsjón af stöðu bankans og íslenska fjármálamarkaðarins.

Málsástæður og lagarök aðila í frávísunarþætti málsins

Aðalstefndi byggir frávísunarkröfu sína í fyrsta lagi á því að hann eigi ekki varnarþing á Íslandi og málið sé utan lögsögu íslenskra dómstóla. Stefnandi byggir heimild sína til að höfða mál á hendur stefnda fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur á 4. mgr. 103. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, sbr. breytingarlög nr.

146/2011 sem tekið hafi gildi 25. október 2011. Heimildin sé undantekning frá þeirri meginreglu alþjóðlegs einkamálaréttar að höfða skuli mál gegn aðila þar sem hann eigi skráð lögheimili. Þegar viðskiptin sem málið varði hafi farið fram hafi ekki annað legið fyrir en að leyst yrði úr mögulegum ágreiningi um þau lögskipti þar sem heimilisvarnarþing gagnaðila stefnanda sé eða í Englandi þar sem samningsvarnarþing aðila hafi verið á grundvelli skilmála útgáfulýsingar. Það feli í sér afturvirka beitingu laga að beita lögum nr. 146/2011 um viðskipti aðila sem lokið hafi árið 2008 og áður en slitameðferð stefnanda hafi hafist. Slíkt brjóti gegn meginreglum stjórnskipunarréttar, sbr. einnig 27. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, og rétti stefnda til réttlátrar meðferðar fyrir dómi, sem honum sé tryggður með ákvæðum 1. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar, sem og 1. mgr. 6. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994. Þá telur aðalstefndi að breyting á löggjöf sem varði varnarþing feli í sér breytingu á efnisrétti auk þess sem lög nr. 146/2011 brjóti í bága við lögsmætar væntingar stefnda sem njóti verndar 1. mgr. 72. gr. stjórnarskrárinnar. Enn fremur verði að telja að í undanþágureglu 4. mgr. 103. gr. laga nr. 161/2002 felist brot á jafnræðisreglu því verið sé að hygla tilteknum aðilum, slitastjórnnum, á kostnað annarra aðila. Í athugasemdum með frumvarpi að lögum nr. 146/2011 sé sérstaklega tekið fram að augljóst hagræði sé fólgið í því fyrir slitastjórnir að geta höfðað mál á Íslandi því annars þyrftu þær að leggja út umtalsverðan sérfræðikostnað við málshöfðun erlendis. Með vísan til framangreinds sé ekki hægt að byggja á 4. mgr. 103. gr. laga nr. 161/2002 í þessu máli. Málið sé höfðað á röngu varnarþingi og af þeim sökum beri að vísa því frá dómi.

Í annan stað telur aðalstefndi að málið hafi ekki verið höfðað fyrr en að liðnum málshöfðunarfresti sem kveðið sé á um í 4. mgr. 103. gr. laga nr. 161/2002, sbr. 1. gr. laga nr. 146/2011. Óumdeilt sé að kröfulýsingarfresti í slitameðferð stefnanda hafi lokið 30. október 2009. Með vísan til þess hafi málshöfðunarfresti lokið 30. apríl 2012. Samkvæmt 93. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála sé málið höfðað með birtingu stefnu, þegar stefna sé árituð eða stefndi mætir við þingfestingu málsins og fær afhent samrit stefnu. Birting samkvæmt framangreindu verði að hafa farið fram innan málshöfðunarfrests. Ósannað sé að stefnan hafi verið birt fyrir aðalstefnda með löglegum hætti. Önnur stefna hafi hins vegar verið auglýst í Lögbirtingablaði 27. apríl 2012. Aðalstefndi telji skilyrði 89. gr. laga nr. 91/1991 fyrir birtingu með auglýsingu í Lögbirtingablaði ekki vera fyrir hendi og að málið hafi því ekki verið höfðað með þeirri birtingu. Birting í Lögbirtingablaði sé eingöngu heimil í ákveðnum tilvikum sem séu tæmandi talin í 89. gr. laga nr. 91/1991. Stefnandi vísi til b-liðar fyrrgreindrar 89. gr. um heimild til birtingar í Lögbirtingablaði í stefnunni sem þar hafi verið birt. Í ákvæðinu segi að hafi erlent stjórnvald hafnað birtingu eða látið hjá líða að birta sé unnt að birta með auglýsingu í Lögbirtingablaðinu. Í málinu liggja ekki fyrir hvort þetta skilyrði hafi verið uppfyllt enda hafi stefnandi ekki lagt fram nein gögn til sönnunar á því. Skilyrði birtingar með auglýsingu í Lögbirtingablaði séu því ekki uppfyllt. Sönnunarbyrðin um að svo sé hvíli á stefnanda. Þá bendir aðalstefndi á að stefnan sem hafi verið birt með auglýsingu í Lögbirtingablaðinu sé ekki sú sama og var þingfest 29. maí 2012. Birting stefnunnar sem var þingfest hafi því ekki verið lögsmæt. Með vísan til framangreinds byggja aðalstefndi á því að birting stefnu málsins hafi fyrst farið fram með mætingu aðalstefnda við þingfestingu málsins í Héraðsdómi Reykjavíkur 29. maí 2012. Þá hafi þeir 30 mánuðir sem stefnandi hafi haft til höfðunar riftunarmáls verið liðnir. Þar sem málið hafi ekki verið höfðað innan lögbundins málshöfðunarfrests beri að vísa því frá dómi.

Í þriðja lagi byggir aðalstefndi á því að málatilbúnaður stefnanda sé óljós og vanreifaður og uppfylli ekki meginreglur einkamálaréttarfars um skýran og glöggan málatilbúnað, sbr. 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991. Aðalstefndi bendir einkum á að engin grein sé gerð fyrir því hvernig málið tengist aðalstefnda eða hvernig hann hafi auðgast á umstefndri greiðslu. Sérstaklega er bent á að ósannað sé að honum hafi verið send riftunaryfirlýsing. Ekki sé gerð viðhlítandi grein fyrir þeim viðskiptum sem liggi að baki greiðslunni eða rökstutt með hvaða hætti varastefndi á að hafa auðgast á greiðslunni. Engin grein sé gerð fyrir tjóni stefnanda. Á skorti að stefnandi rökstyðji með fullnægjandi hætti að efnisskilyrðum riftunar sé fullnægt. Samhengi skorti milli krafna, málsástæðna og framlagðra dómskjala og því beri að vísa málinu frá dómi að því er aðalstefnda varðar.

Varastefndi vísar til sjónarmiða aðalstefnda um málsástæður og lagarök fyrir frávísun.

Stefnandi mótmælir málsástæðum stefndu um málið sé höfðað á röngu varnarþingi. Þá breyti varnarþingsregla 4. mgr. 103. gr. laga nr. 161/2002, sbr. lög nr. 146/2011, ekki íslenskum efnisrétti um riftun greiðslna. Með breytingarlögunum frá 2011 hafi verið innleidd meginregla EES réttar um að framkvæmd þrotaskipta fari fram á heimavarnarþingi þrotabús og eftir lögum þess ríkis. Hvað varðar málshöfðunarfréttinn þá telur stefnandi að gagnvart aðalstefnda eigi að miða við birtingu stefnu í Lögbirtingablaði 27. apríl 2012 þar sem skilyrði fyrir birtingu stefnu í Lögbirtingablaði hafi verið uppfyllt. Stefnandi mótmælir málsástæðum stefndu um vanreifun. Hann leggur áherslu á að fyrir liggi að aðalstefndi hafi tekið við ákveðinni greiðslu frá Landsbanka Íslands hf. Skilmerkileg grein sé gerð fyrir þeirri greiðslu í stefnu og einnig því hvers vegna kröfum sé beint að varastefnda verði talið að hann hafi verið viðtakandi greiðslunnar. Því er mótmælt að um sér að ræða misræmi í stefnu eða málatilbúnaði stefnanda að öðru leyti.

Niðurstaða

Samkvæmt e. lið 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála skal í stefnu greina, svo glögg er verða má, málsástæður sem stefnandi byggir málsókn sína á, svo og önnur atvik sem þarf að greina til þess að samhengi málsástæðna verði ljóst, en þessi lýsing skal vera gagnorð og svo skýr að ekki fari milli mála hvert sakarefnið er. Í stefnu er gerð grein fyrir þeirri greiðslu sem krafist er riftunar á auk þess sem fjallað er um þau lögskipti í stuttu máli sem lágu til grundvallar greiðslunni. Að mati dómara er þessi lýsing, svo og tilgreining í stefnu á málsástæðum og lagarökum, nægilega glögg og studd fullnægjandi gögnum til þess að ekki fari á milli mála hvert sakarefni málsins er og aðalstefnda og varastefnda sé kleift að færa fram efnisvarnir sínar, meðal annars þær að þeir hafi ekki verið raunverulegir viðtakendur greiðslunnar og að málsókn stefnanda sé ranglega beint að þeim. Verður ekki fallist á að vísa beri málinu frá dómi sökum vanreifar málsatvika, málsástæðna eða lagaraka í stefnu.

A

Í máli þessu liggur fyrir að stefnandi óskaði eftir því 7. febrúar 2012 við Sýslumanninn í Keflavík að hann hefði milligöngu um birtingu stefnu málsins fyrir fyrirvarsmanni aðalstefnda, sem á skráð lögheimili á Írlandi, og sendi sýslumaður írskum stjórnvöldum stefnuna til birtingar 13. sama mánaðar og óskaði eftir því að birting færi fram eigi síðar en 27. apríl 2012. Samkvæmt bréfi sýslumanns 18. febrúar 2013 hafa enn engin svör borist frá írskum stjórnvöldum.

Í málinu hafa ekki komið fram upplýsingar eða gögn til skýringar því hvers vegna írskum stjórnvöldum tókst ekki að birta téða stefnu innan þeirra ríflegu þriggja mánaða sem þau höfðu til stefnu. Eins og málið liggur fyrir verður því litið svo á að írsk stjórnvöld hafi látið hjá líða að birta umrædda stefnu þannig að heimilt hafi verið að birta stefnda stefnuna í Lögbirtingablaði með heimild í b-lið 1. mgr. 89. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Samkvæmt gögnum málsins birti stefnandi stefnu í Lögbirtingablaðinu 27. apríl 2012. Hins vegar er fram komið að þessi stefna var ekki þingfest við fyrirtöku málsins 29. maí 2012 heldur lögð fram við síðari fyrirtöku þess sem sérstakt dómskjal.

Samkvæmt þessu, svo og með vísan til dóms Hæstaréttar Íslands 15. febrúar 2013 í máli nr. 74/2013, verður að leggja til grundvallar að sú stefna sem lögð var fram sem dómskjal nr. 1 við þingfestingu málsins 29. maí 2012 hafi ekki verið birt. Krafa aðalstefnda um frávísun málsins vegna ófullnægjandi birtingar stefnu kom fram í greinargerð hans og telst því nægilega snemma fram komin. Með vísan til mótmæla aðalstefnda er því skylt að vísa málinu frá dómi. Er þá ekki þörf á því að fjalla um önnur þau atriði sem aðalstefndi telur að eigi að leiða til frávísunar málsins.

B

Samkvæmt 4. mgr. 103. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, sbr. 1. gr. laga nr. 146/2011, skal mál, sem slitastjórn höfðar til riftunar ráðstafana fjármálafyrirtækis undir slitum samkvæmt ákvæðum laganna, þingfest fyrir þeim héraðsdómi þar sem fyrirtækið var tekið til slita skv. 3. og 4. mgr. 101. gr. laganna. Að mati dómsins verður ákvæðið ekki skýrt rýmkanði skýringu á þá leið að í því felist lagaskilaregla þess efnis að íslensk lög skuli gilda fortakslaust um þau mál sem slitastjórn höfðar. Ræðst það atriði af öðrum réttarheimildum sem ekki eru til umfjöllunar í þessum þætti málsins. Hins vegar mælir ákvæðið fyrir um varnarþing án tillits til samninga eða samningsákvæða þar að lútandi.

Í málinu liggur fyrir að með b-lið 18. gr. útgáfuskilmála framangreinds allsherjarskuldaþréfs samþykkti útgefandi skuldabréfsins, í þágu handahafa þess, að dómstólar í Englandi hefðu lögsögu til að leiða allan ágreining til lykta sem kynni að rísa vegna eða í tengslum við skuldabréfið. Í ákvæðinu er ennfremur áréttað að útgefandi bréfsins afsali sér rétti til að mótmæla lögsögu enskra dómstóla við slíka málsókn. Á hinn bóginn er þar einnig tekið fram að handhafa bréfsins sé heimilt að höfða mál fyrir öðrum dómstólum en enskum, kjósi hann það.

Framangreint ákvæði útgáfuskilmálanna tekur ekki, samkvæmt orðum sínum, til dómsmála sem útgefandi skuldabréfs kann að höfða gegn handhafa þess. Því síður er þar fjallað um riftunarmál sem þrotabú eða slitastjórn kann að höfða til endurheimtu greiðslu sem innt hefur verið af hendi til handhafa skuldabréfs eða

annarra sem leiða rétt sinn frá honum. Ákvæðið felur þannig fyrst og fremst í sér það réttarfarshagræði til handa handhafa skuldabréfs að eiga þess kost að höfða mál fyrir enskum dómstólum án þess að þar sé tekin sérstök afstaða til dómsmála sem útgefandi bréfsins eða slitastjórn fjármálafyrirtækis kann að höfða. Með 1. gr. laga nr. 146/2011 var því ekki raskað heimildum stefndu samkvæmt 18. gr. umræddra útgáfuskilmála.

C

Að mati dómara geta aðilar varanlegs réttarsambands ekki átt lögmetar væntingar til þess að réttarfarreglur, þ.á m. varnarþingsreglur, haldist óbreyttar frá stofnun réttarsambands allt til loka þess. Væri slík niðurstaða í berlegri andstöðu við almennar heimildir löggjafans samkvæmt 2. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944. Þótt ákvæði stjórnarskrár, svo og mannréttindasáttmála, setji heimildum löggjafans skorður við setningu nýrra réttarfarreglna um dómsmál sem þegar hafa verið höfðuð, er á það að líta að að mál þetta er höfðað eftir að lög nr. 146/2011 tóku gildi. Var því ekki um það að ræða að löggin röskuðu meðferð mála sem þegar höfðu verið höfðuð við gildistöku þeirra. Enn fremur ber að horfa til þess að téð ákvæði 4. mgr. 103. gr. laga nr. 161/2002 er í samræmi við þá meginreglu, sem birtist í 1. mgr. 10. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og Ráðsins nr. 2001/24/EB um endurskipulagningu og slit lánastofnana, að fjármálafyrirtæki skuli slitið í samræmi við lög, reglur og málsmeðferð heimaríkis. Jafnvel þótt vafi kunni að hafa leikið um heimildir stefnanda til að höfða málið fyrir íslenskum dómstólum fyrir gildistöku 1. gr. laga nr. 146/2011 verður þannig ekki á það fallist að reglan sé óhæfilega íþyngjandi gagnvart varastefnda eða feli í sér ólögmetu mismunun.

Samkvæmt þessu verður ekki fallist á málsástæður varastefnda þess efnis að ákvæði 4. mgr. 103. gr. laga nr. 161/2002 sé andstætt stjórnarskrá og að vettugi virðandi. Verður málinu því ekki vísað frá dómi gagnvart varastefnda með vísan til þess að það sé höfðað á röngu varnarþingi eða sé utan lögsögu íslenskra dómstóla.

D

Óumdeilt er að mál þetta var höfðað gegn varastefnda innan 30 mánaða frá lokum kröfulýsingarfrests 30. október 2009, en með vísan til ítrekaðra fordæma Hæstaréttar verður ekki talið að lenging á málshöfðunarfresti samkvæmt 1. gr. laga nr. 146/2011 hafi verið andstæð stjórnslögum eða sé að vettugi virðandi af öðrum ástæðum. Verður því ekki fallist á kröfu varastefnda um frávísun málsins, en í munnlegum málflutningi um frávísun kom fram að ekki væri ágreiningur um birtingu gagnvart varastefnda.

Eftir úrslitum málsins verður stefnandi dæmdur til að greiða aðalstefnda málskostnað sem þykir hæfilega ákveðinn 500.000 krónur og hefur þá verið tekið tillit til virðisaukaskatts. Úrlausn um málskostnað gagnvart varastefnda býður efnisdóms í málinu.

Af hálfu aðalstefnda og varastefnda flutti máli Svanhvít Axelsdóttir hdl.

Af hálfu stefnanda flutti málið Sigurður Logi Jóhannesson hdl.

Skúli Magnússon héraðsdómari kveður upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð

Máli þessu er vísað frá dómi gagnvart aðalstefnda, TD Global Finance.

Kröfu varastefnda, Toronto Dominion Bank, um frávísun málsins er hafnað.

Stefnandi, LBI hf., greiði aðalstefnda 500.000 krónur í málskostnað.

Skúli Magnússon